

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 382/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Stefáni Hafþóri Krüger

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst sl. að ósk ákærða.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Hafþór Krüger, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 26. maí 1991.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 4. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með tveimur ákærum, dagsettum 3. júní 1991 og 3. júlí s.á., á hendur Stefáni Hafþóri Krüger, Skólagerði 34, Kópavogi, fæddum 19. desember 1966, en málin hafa verið sameinuð og verða dæmd í einu lagi.

Í fyrri ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið „tvisvar á árinu 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni X-371, svo sem hér er rakið:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 13. janúar frá miðbæ Reykjavíkur að Borgarspítalanum og þaðan skömmu síðar áleiðis niður í miðbæ á ný og á þeirri leið svo óvarlega á mótum Bústaðavegar og Hringbrautar, að bifreiðin lenti þar utan vegar og rakst á ljósastaur.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 22. nóvember stuttan spöl aftur á bak við veitingastaðinn Smiðjukaffi við Smiðjuveg í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og liður 1 auk þess við 1. mgr. 4. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

Í ákæru frá 3. júlí sl. er ákærða gefið að sök að hafa ekið „fjórum sinnum á árinu 1991 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt eftirtöldum bifreiðum, svo sem hér segir:

1. Laugardaginn 9. mars bifreiðinni R-180 frá Rauðarárstíg í Reykjavík að Miklubraut við Kringlumýrarbraut, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

2. Laugardaginn 13. apríl bifreiðinni X-4672 frá heimili sínu að Kópavogsbraut, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

3. Aðfaranótt föstudagsins 24. maí bifreiðinni X-4672 úr Breiðholti í Reykjavík að Engihjalla 17 í Kópavogi, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

4. Aðfaranótt sunnudagsins 26. maí bifreiðinni R-62949 frá heimili sínu að bensinstöð Olís við Hamraborg, þar sem lögregla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

I.

Sunnudaginn 13. janúar 1991 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á gatnamótum Hringbrautar og Bústaðavegar. Bifreið hafði verið ekið Bústaðaveg til norðurs með vinstri beygju vestur Hringbraut, og í beygjunni hafði ökumaður misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleið-

ingum, að bifreiðin kastaðist út fyrir götuna og á ljósastaur. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu, og lagði nokkurn áfengisþef frá vitum hans.

Ákærði var færður fyrir aðalvarðstjóra til skýrslutöku, og síðan var hann færður til blóðtöku, en samkvæmt niðurstöðu rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 2,59‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að vera við áfengisneyslu kvöldið fyrir slysið, og hafi hann verið orðinn „allkenndur“, er hann ákvað að aka vinkonu sinni frá miðbæ Reykjavíkur á slysadeild Borgarspítalans. Meðan vinkona ákærða naut aðhlynningar þar, hafi hann setið við áfengisneyslu úti í bifreiðinni. Ætlunin hafi síðan verið að fara niður í miðbæ Reykjavíkur, en sú ferð hafi endað með framangreindum hætti.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Einnig viðurkenndi hann að hafa misst stjórn á bifreiðinni, vegna þess að hann ók of hratt í beygjunni.

II.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1990 var lögreglan í Kópavogi við eftirlit og veitti þá bifreiðinni X-371 athygli, þar sem henni var litillega „bakkað“ frá anddyri veitingastaðarins Smiðjukaffis, en var síðan stöðvuð þarna á staðnum. Hafði annar lögreglumaðurinn tal af ökumanni, sem var ákærði í máli þessu, og færði hann síðan yfir í lögreglubifreiðina, þar sem grunur lék á því, að ökumaður væri undir áhrifum áfengis.

Ákærði var síðan færður á lögreglustöð fyrir varðstjóra, sem tók af honum skýrslu. Að lokinni skýrslutöku var ákærði færður til blóðtöku, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 1,61‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að drekka nokkra áfenga bjóra, og hafi hann verið að drekka síðasta bjórinn undir stýri bifreiðarinnar, er lögreglan kom á staðinn. Kvaðst ákærði ekki hafa ekið bifreiðinni þarna á bifreiðastæðinu, heldur aðeins gangsett bifreiðina til þess að fá hita frá miðstöð hennar. Þó geti verið, að bifreiðin hafi runnið aftur á bak, en hún hafi ekki verið í gangi, er lögreglumennirnir komu að honum.

Ákærði kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann gangsetti bifreiðina X-371 þarna á staðnum.

III.

Laugardaginn 9. mars sl. stöðvaði lögreglan akstur bifreiðarinnar R-18071 á Miklubraut. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu. Hann viðurkenndi að hafa drukkið áfengi, og kvaðst hann koma frá Rauðarár-

stíg. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Tekið var blóðsýni úr ákærða, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 2,65‰. Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni umræddan dag undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt.

IV.

Að morgni laugardagsins 13. apríl sl. veitti lögreglan bifreiðinni X-4672 athygli, þar sem henni var ekið norður Urðarbraut og austur Borgarholtsbraut. Lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar á Kópavogsbraut. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu, og var hann áberandi ölvaður. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Í skýrslunni kemur fram, að ákærði játaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Blóðsýni var tekið úr ákærða, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 1,95‰.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni heiman frá sér á Kópavogsbraut, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn, og var hann þá undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt.

V.

Aðfaranótt föstudagsins 24. maí sl. stöðvaði lögreglan akstur bifreiðarinnar X-4672 móts við Engihjalla 17. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði í máli þessu, og var talsverður áfengisþefur af honum. Hann viðurkendi að hafa neytt áfengis fyrr um nóttina. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Þá var tekið úr ákærða blóðsýni, en samkvæmt niðurstöðum rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 1,76‰.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni úr Breiðholti að Engihjalla 17 undir áhrifum áfengis umrædda nótt og sviptur ökuréttindum ævilangt.

VI.

Aðfaranótt sunnudagsins 26. maí sl. veitti lögreglan ákærða athygli á bensinstöð Olís við Hamraborg, þar sem hann stóð við bifreiðina R-62949, og virtist hann vera mjög ölvaður. Tveir piltar, sem þarna voru, skýrðu lögreglunni frá því, að ákærði hefði skömmu áður ekið bifreiðinni að bensinstöðinni, en þeir voru farþegar hjá honum. Í framsæti bifreiðarinnar sat þriðji farþeginn, og skýrði hann lögreglunni frá því, að ákærði hefði ekið bifreiðinni skömmu áður heiman frá sér að bensinstöðinni.

Ákærði var færður á lögreglustöð, en þar neitaði hann að svara spurningum aðstoðarvarðstjóra. Ákærða er lýst svo, að hann hafi sýnilega verið

mjög ölvaður, þrætugjarn og nokkuð æstur, rjóður í andliti og augu rauð.

Tekið var blóðsýni úr ákærða, og samkvæmt rannsókn mældist magn alkóhóls í blóði yfir 3‰. Hann var vistaður í fangageymslu lögreglunnar, þar til skýrsla var tekin af honum undir kvöld sama dag. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni, en mundi ekki atburði, eftir að hann fór heiman frá sér um morguninn, þar til hann vaknaði í fangageymslu.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt heiman frá sér að bensinstöðinni.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða, lögregluskýrslum, niðurstöðum alkóhólrannsóknna og öðrum gögnum þykir háttsemi ákærða, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, sönnuð og réttilega heimfærð til refsilagaákvæða. Í 1. tl. ákæru á dskj. nr. 11 er bifreiðin R-18071 ranglega tilgreind R-180, og í ákæru á dskj. nr. 2 er brot ákærða frá 13. janúar talið framið á árinu 1990, en á að vera 1991. Hlýtur þar að vera um misritun að ræða, sem hvorki varðar frávisun né sýknu, enda hefur vörnum ekki verið áfátt vegna þessa, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:
1983 6/7 Sátt: 5.600 kr. sekt fyrir brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og 27. gr. umfl.

1983 15/11 Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 2., sbr. 3. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1984 17/9 Sátt, 1.600 kr. sekt fyrir brot g. 49. og 50. gr. umfl.

1984 28/11 Dómur: Fangelsi 45 daga, skb. 2 ár, fyrir brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1985 9/5. Dómur: 15.000 kr. sekt fyrir brot g. 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umfl., og 21. gr. áfl. Sviptur ökul. 15 mán. frá 19.3. '85.

1986 11/6 Sátt: 12.000 kr. sekt fyrir brot g. 27. gr. umfl.

1986 18/6 Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur ökul. 1 ár frá 19.6. '86.

1988 9/6 Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot g. 1. mgr. 257. gr. alm. hgl.

1989 19/5 Dómur: Fangelsi 5 mán. fyrir brot g. 1., sbr. 3. mgr. 45., 1. mgr. 48. gr. umfl., 157. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. Sviptur ökul. ævilangt frá 23.6. '89.

1991 26/5 Dómur: Fangelsi 10 mán. fyrir brot g. 3. mgr. 5., 1. mgr. 37., 1., sbr. 3. mgr. 45., og 1. mgr. 48. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 26.5. '91.

Refsingu ákærða ber að ákveða í einu lagi samkvæmt 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsing verður ákveðin sem hegningarauki, þar sem brot ákærða eru öll framin, áður en dómur sakadóms Kópavogs var kveðinn upp 26. maí 1991. Þykir refsing samkvæmt þessu hæfilega ákveðin fyrir brotin, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði var með ofangreindum dómi svíptur ökuleyfi ævilangt frá 26. maí 1991, og þykir rétt, að það ákvæði haldist óbreytt.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán H. Krüger, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði er svíptur ökuréttindum ævilangt frá 26. maí 1991 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.